



LIONS INTERNATIONAL LIONS á Íslandi

Fjölumdæmi 109 · Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur
Sími: 561-3122 · Netfang: lions@lions.is



Dömubindi fyrir stúlkur í Afríku

Af hverju prjónum við?

Það er mikið tabú að tala um tíðir – sérstaklega í Afríkulöndunum.

Raunveruleg saga.

14 ára stúlka gekk í skóla í Úganda. Hún var á blæðingum og vissi ekki hvað hún ætti að gera. Kennarinn hló að henni og kallaði hana skítuga. Hún hljóp heim og hengdi sig.

Þess vegna prjónum við.

Í Afríku er ekki rætt við ungar stúlkur um tíðir. Þær vita ekki hvernig þær eiga að verja sig og enda oft á því að vera heima frá skólanum í viku í hverjum mánuði. Svo dragast þær aftur úr í námi og eiga erfitt í skólanum. Kannski hætta þær í skóla, eignast kærasta, verða óléttar og þannig heldur þetta áfram.

Við dreifum og upplýsum á staðnum.

Við getum hjálpað ungu stúlkunum svo þær geti verið áfram í skóla og fengið menntun; með því að prjóna dömubindi fyrir þær. Við afhendum hverri stelpu 3 – 4 dömubindi og samstarfsaðilar okkar á staðnum sýna og útskýra hvernig á að nota þau og hvernig á að þvo þau.

Hvernig virka þessi dömubindi?

Prjónuðu bindin eru með litla lykkju í hvorum enda. Síðan er hægt að binda band um magann til að halda því á sínum stað. Þær eru nefnilega ekki í nærbuxum.

Við prjónum dömubindin þannig að þau eru tvöföld, svo hægt sé að setja rakadrægt efni eða plast á milli. Nóg er til af þannig efnum á staðnum.

Prjónamynstur

Það sem þú þarft er bómullargarn, tveir prjónar nr. 3 – 3 1/2, heklunál nr. 3 1/2 og stoppunál. Ef bómullargarnið er þunnt er hægt að prjóna það tvöfalt.

Fitjið upp 6 l á prjóna nr 3 1/2 og prjónið garðapryjón.

Í byrjun hverrar umferðar er aukið út um eina lykkju þar til þríhyrningurinn er orðinn um 9 cm breiður.

Prjónið þá stroff (1 slétt og 1 brugðin) þar til stykkið, mælt frá þríhyrningi, er orðið 16 cm.

Lykkjurnar eru þá settar á þráð – eða hjálparprjón.

Einnig er hægt að að prjóna stroff sem er tvær sléttar og tvær brugðnar lykkjur.

Prjónið nú upp jafn margar lykkjur og þegar byrjað var á stroffi (við enda þríhyrnings). Prjónið eins stroff 16 cm.

Prjónuðu stykkinn tvö eru svo prjónuð saman; prjónið eina lykkju frá hvoru stykki saman.

Prjónið síðan garðapryjón – annan þríhyrning í viðbót; Í byrjun á hverri umferð eru prjónaðar tvær lykkjur slétt saman. Þegar 7 lykkjur eru eftir, fellið þær af.

Á hvorn enda er heklunál 6 cm lykkja með loftlykkjum og einni umferð fastalykkjum. Lykkjan er fest vel niður, hún þarf að vera traust og vel fest.

Endurtakið þetta á hinum endanum á bindinu.

Fellið alla enda.

Með kveðju frá GST teyminu:

Sigfríð Fjölumdæmi109 og Anna Kristín Umdæmi109B





LIONS INTERNATIONAL LIONS á Íslandi

Fjölumdæmi 109 • Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur
Sími: 561-3122 • Netfang: lions@lions.is



Hér koma myndir þar sem nemendur í Afríku hafa fengið þessi dömubindi í skólann ásamt fræðslu um hvernig á að nota þau.

